

Helstu notkunarleiðbeiningar fyrir KYORITSU 6016

Undirbúningur

Alltaf muna að skoða mæli og fylgihluti fyrir notkun. Athuga hvort sjáanlegar séu skemmdir eða hvort eitthvað sé óeðlilegt. Ef eitthvað óeðlilegt finnst EKKI NOTA MÆLINN. Munið að skoða leiðbeiningabæklinginn fyrir frekari upplýsingar.

Útleysitími lekastraumsrofa

1. Kveikið á mælinum
2. Veljið á RCD (ELCB) á stillirofanum
3. Veljið x1 með F1 takkanum
4. Stillið á viðeigandi stærð lekastraumsrofa með F2 takkanum
5. Veljið viðeigandi straumgerð með F3 takkanum
6. Veljið hvort þið viljið mælingu við 0° í sínusbylgjunni eða 180° með F4 takkanum
7. Tengid mælinn við rásina og passið að tengja rétt. Mælirinn tekur ekki mælingu ef hann er rangt tengdur eða rangt pólaður
8. Ýtið á TEST takkan og bíðið eftir niðurstöðu

...einnig er hægt að velja AUTO í skrefi 3. Þá byrjar mælirinn á að athuga hvort lekastraumsrofinn slái út við of lágt straumgildi. Næst tekur hann mælingu á útleysitíma við 0° og 180° og svo endar hann á að prófa hvort lekastraumsrofinn slái út við sitt uppgefna straumgildi. Einnig lætur hann vita hvort straumhækkun við útleysingu sé undir 50V og gefur "OK" ef svo er. Ekki þarf að ýta á TEST á milli mælingu, best er að taka sér stöðu við lekaliðan og slá inn aftur svo mælirinn getir farið í næstu mælingu

Spennuhækkun við útleysingu

1. Kveikið á mælinum
2. Veljið RCD (ELCB) á stillirofanum
3. Veljið Uc með F1 takkanum
4. Veljið viðeigandi stærð lekastraumsrofa með F2 takkanum
5. Tengid mælinn við rásina og passið að tengja rétt. Mælir tekur ekki mælingu ef hann er rangt tengdur eða rangt pólaður
6. Ýtið á TEST takkan og bíðið eftir niðurstöðu

Mæla útleysistraum

1. Kveikið á mælinum
2. Veljið RCD (ELCB) á stillirofanum
3. Veljið (▲) með F1 takkanum
4. Stillið á viðeigandi stærð lekastraumsrofa með F2 takkanum
5. Veljið viðeigandi straumgerð með F3 takkanum
6. Veljið hvort þið viljið mælingu við 0° í sínusbylgjunni eða 180° með F4 takkanum
7. Tengid mælinn við rásina og passið að tengja rétt. Mælir tekur ekki mælingu ef hann er rangt tengdur eða rangt pólaður
8. Ýtið á TEST takkan og bíðið eftir niðurstöðu

Hringrásarviðnám

1. Kveikið á mælinum
2. Veljið LOOP á stillirofanum
3. Veljið viðeigandi mæliaðgerð (L – PE / L – N / L – L) með F1 takkanum
4. Veljið hvort þið viljið ATT (Anti Trip Tecnology) sé on eða off ef við á
5. Tengid mælinn við rásina og passið að tengja rétt. Mælirinn tekur ekki mælingu ef hann er rangt tengdur eða rangt pólaður
6. Ýtið á TEST takkan og bíðið eftir niðurstöðu

Skammhlaupsstraumur

1. Kveikið á mælinum
2. Veljið PSC / PFC á stillirofanum
3. Veljið viðeigandi mæliaðgerð
4. Veljið hvort þið viljið ATT (Anti Trip Tecnology) sé on eða off ef við á
5. Tengid mælinn við rásina og passið að tengja rétt. Mælirinn tekur ekki mælingu ef hann er rangt tengdur eða rangt pólaður
6. Ýtið á TEST takkan og bíðið eftir niðurstöðu

Fasaröð

1. Kveikið á mælinum
2. Veljið PHASE ROTATION á stillirofanum
3. Tengid mælinn við rásina
4. Lesið niðurstöður af mælinum



Rétt fasaröð



Röng fasaröð